



Helstu niðurstöður aðalfundar Sýnar hf. árið 2025

Á aðalfundi Sýnar hf., sem fram fór þann 14. mars 2025, voru eftirfarandi tillögur samþykktar auk þess sem ný stjórn var sjálfkjörin. Ítarlegar upplýsingar um tillögurnar og önnur fundargögn má finna á vefsíðu félagsins: <https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur>

I. Tillögur sem samþykktar voru á aðalfundinum:

1. Tillaga um staðfestingu ársreiknings

Ársreikningur fyrir liðið starfsár var kynntur og staðfestur.

2. Tillaga um ráðstöfun afkomu félagsins vegna reikningsársins 2024

Aðalfundur samþykkti að ekki verði greiddur arður vegna rekstrarársins 2024, en vísar að öðru leyti til ársreiknings hvað varðar ráðstöfun á hagnaði ársins og breytingu á eigin fé.

3. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta

Fyrirliggjandi tillaga um arðgreiðslustefnu var samþykkt.

4. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar Sýnar hf. að uppfærðri starfskjarastefnu.

5. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum (sem getið verður í viðauka við samþykktir félagsins):

Aðalfundur Sýnar hf. haldinn 14. mars 2025 samþykkti að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu, setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Tilgangur félagsins með endurkaupum er að lækka hlutafé félagsins og/eða að gera félaginu kleift að standa við skuldbindingar sínar skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar





6. Ákvörðun um bóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsár

Stjórn lagði til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs yrðu sem hér segir og var tillagan samþykkt:

- a) Stjórnarformaður fái kr. 625.000 á mánuði.
- b) Varaformaður fái kr. 470.000 á mánuði
- c) Aðrir stjórnarmenn fái kr. 310.000 á mánuði.
- d) Varastjórnarmenn fái kr. 125.000 fyrir hvern setinn fund.
- e) Formenn undirnefnda fái kr. 125.000 á mánuði.
- f) Aðrir nefndarmenn undirnefnda fái kr. 65.000. á mánuði, sbr. þó g. liður.
- g) Utanaðkomandi ráðgjafar undirnefnda og tilnefningarnefndar, fái greitt á grundvelli samþykks tilboðs. Greiðslur til endurskoðenda skulu jafnframt vera samkvæmt samþykktu tilboði.“

7. Kosning endurskoðunarfélags Sýnar hf.

Svofelld tillaga var samþykkt:

„Lagt er til að KPMG ehf. verði endurskoðunarfirma félagsins.“

8. Tillaga um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd

Erik Ingvar Bjarnason, löggiltur endurskoðandi, var kosinn sem utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd.

9. Tillaga Newsmith Capital um reglulega birtingu fjárhagsáætlunar og breytingatillaga stjórnar Sýnar

Svofelld breytingatillaga stjórnar var borinn undir fundinn og samþykkt:

Aðalfundur Sýnar hf. ályktar að félagið innleiði verklag þar sem fjárfestingaáætlun þess, að undanskildum viðskiptalega viðkvæmum upplýsingum, verði birt opinberlega árlega.

II. Stjórn félagsins

Aðalstjórn félagsins skipa:

- Hákon Stefánsson
- Heiðrún Lind Marteinsdóttir





- Páll Gíslason
- Petrea Ingileif Guðmundsdóttir
- Ragnar Páll Dyer

Að aðalfundi loknum kom stjórn saman og skipti með sér verkum. Formaður stjórnar er Hákon Stefánsson og varaformaður stjórnar er Petrea Ingileif Guðmundsdóttir.

Varastjórn félagsins skipa :

- Daði Kristjánsson
- Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir

Tveir aðilar voru sjálfkjörnir í tilnefningarnefnd:

- Guðríður Sigurðardóttir
- Pröstur Olaf Sigurjónsson